

Til allra sveitarstjórna

Reykjavík 30. mars 2015

1503002LA ÓG

Málalykill:711

Efni: Auglýsing eftir framboðum í stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga

Stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga hefur skipað kjörnefnd til undirbúnings kjörs stjórnar og varastjórnar á aðalfundi sjóðsins. Kjörnefnd skipa Erling Ásgeirsson, formaður, Björk Vilhelmsdóttir og Ísólfur Gylfi Pálmason. Aðalfundur félagsins verður haldinn þann 17. apríl næstkomandi í Salnum Kópavogi. Kjörnefnd mun taka við og fara yfir framboð til stjórnar og varastjórnar og gera tillögu til aðalfundar.

Um framboð og kjör til stjórnar gilda hlutafélagalög nr. 2/1995, og lög um fjármálafyrirtæki 161/2002. Rétt er að benda sérstaklega á eftirfarandi ákvæði:

- 1) Framboðum þarf að skila með 5 daga fyrirvara skv. 63. gr. hlutafélagalaga.
- 2) Stjórnarmenn þurfa að hafa lokið háskólaprófi sem nýttist í starfi skv. 52. gr. laga um fjármálafyrirtæki.
- 3) Stjórnarmönnum er ekki heimilt að vera í stjórn fleiri en eins eftirlitsskylds aðila.

Framboðum skal skilað í síðasta lagi á hádegi föstudaginn 10. apríl nk. til Erlings Ásgeirssonar formanns nefndarinnar, erling.asgeirsson@nyherji.is. Framboðum þurfa að fylgja upplýsingar svo kjörnefnd geti tekið afstöðu til hæfis frambjóðenda.

Upplýsingar um frambjóðendur munu liggja frammi hluthöfum til sýnis á starfsstöð lánasjóðsins tveimur dögum fyrir aðalfund.

Kjörnefnd óskar eftir að sveitarstjórnarmönnum sé kynnt innihald bréfs þessa eins fljótt og unnt er til að áhugasömum gefist tími til að skila inn framboðum.

Virðingarfyllst
LÁNASJÓÐUR SVEITARFÉLAGA



Óttar Guðjónsson